

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 151/2018

2021/EES/13/29

frá 6. júlí 2018

**um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun
og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2311 frá 13. desember 2017 um vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2292 ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2311 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/2292 ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 5cub (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2292) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„**32017 R 2311:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2311 frá 13. desember 2017 um vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2292 (Stjtið. ESB L 331, 14.12.2017, bls. 39).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/2311, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 331, 14.12. 2017, bls. 39.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 344, 17.12.2016, bls. 77.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.